

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. júní 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-34/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndarinnar vegna kaupa hennar á stígvéllum hjá versluninni Y. X telur stígvélin gölluð, vill rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 26. maí sl. Seljandi skilaði ekki skriflegum andsvörum, en hinn 4. júní sl. kom hann með stígvélin til að kæruneftndin gæti skoðað þau. Með bréfi dags. 5. júní sl. var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt stígvélin 10. apríl sl. og aðgætt við kaupin að þau væru gallalaus. (Álitsbeiðnin er rituð á ensku og segir þar um þetta atriði: „I bought long shoes 10th of April 2008. Before I did it I checked everything with them is OK, was nothing.“) Um er að ræða upphá leðurstígvél með gúmmísólum og kostuðu þau kr. 17.995. Álitsbeiðandi segist hafa komið með stígvélin til baka í verslunina 21. apríl sl. vegna þess að þau hafi bæði verið biluð (broken) en hún hefði aðeins notað þau í tvö skipti. Álitsbeiðandi segist hafa sýnt afgreiðslustúlku stígvélin og sagt henni að sér væri ómögulegt að nota þau því að þau litu svo illa út. Hefði hún óskað eftir því að skila stígvélunum og fá kaupverðið endurgreitt til þess að kaupa stígvél annars staðar. Sér hefði verið svarað því til að það væri ekki hægt, hins vegar gæti hún fengið önnur sams konar stígvél í staðinn eða af annarri gerð. Endurgreiðslunni hefði verið neitað. Álitsbeiðandi kveðst hafa sagt afgreiðslustúlkunni að hún vildi ekki önnur stígvél, enda myndi hún væntanlega þurfa að skila þeim eftir 2-3 vikur og hefði ekki tíma til að standa í slíku. Stígvélin hefði hún skilið eftir í versluninni.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og X falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup sem viðskipti aðila falla undir.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfróðs aðila, skósmiðs og skóviðgerðarmanns, samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Stígvélin sem álitsbeiðandi keypti eru sem fyrr segir upphá og úr leðri. Sólinn er úr gúmmí. Leðrið er fest við sólann með þeim hætti að það er lagt inn í gúmmí lengju sem síðan er saumuð niður í sólann. Þar sem endar gúmmí lengjunnar mætast, sem er við framanverðan sólann að innanverðu, sjást samskeyti. Á samskeytunum er svolítið gap, meira á öðru stígvélinu en hinu. Hljóta þessi samskeyti að vera það sem álitsbeiðandi á við þegar hún segir að stígvélin séu „broken“ en ekkert annað er að sjá á stígvélunum sem gæti leitt til þess að þau væru talin biluð eða gölluð. Álitsbeiðandi segist hafa tvisvar notað stígvélin og ljóst er að þetta gap hefur ekki myndast við notkunina heldur hefur það verið á stígvélunum frá upphafi.

Samkvæmt upplýsingum hins sérfróða aðila eru skór oft á tíðum settir saman með þeirri aðferð sem að framan er lýst og mismunandi hve vel er gengið frá samskeytunum. Í sumum tilfellum sjáist þau greinilega en tæpast í öðrum. Hve góður frágangurinn er fari oft eftir dýrleika skónna.

Þótt betur hefði verið hægt að ganga frá samskeytunum á stígvélum álitsbeiðanda er það álit kærunefndarinnar að tæpast verði talið að um galla á þeim sé að ræða, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003, og þótt svo væri talið myndi það engan veginn hafa í för með sér heimild til riftunar á kaupunum eins og álitsbeiðandi gerir kröfu til, sbr. 32. gr. sömu laga. Hér verður einnig að hafa í huga að álitsbeiðandi hefur lýst því að við kaupin hafi hún skoðað stígvélin vel og ekki séð neitt að þeim. Er því annað óhjákvæmilegt en álitsbeiðandi hafi séð það gap sem að framan er lýst eða mátt sjá það. Samkvæmt framansögðu er það álit kærunefndarinnar að ekki sé unnt að verða við kröfu álitsbeiðanda um riftun kaupanna.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðenda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

